



22. nóvember 2024

Kæru nemendur og aðstandendur!

Eins og við öll vitum er skólastarf lifandi ferli þar sem stöðugt þarf að leita leiða til að gera betur og viðhalda hinu dýrmæta jafnvægi sem þarf að vera til staðar milli frelsis og formfestu, leiks og starfs. Í skólanum hefur verið vaxandi umræða um námsmat undanfarnar annir og höfum við meðal annars litið til þess sem aðrir skólar eru að gera með það að leiðarljósi að finna leiðir til að gera símatskerfið okkar í MS enn betra. Við erum stöðugt að vega og meta hvernig við getum nýtt tímann sem best í skólastofunni og náð sem bestum árangri með nemendum. Eitt af þeim atriðum sem við höfum verið að skoða sérstaklega er einkunnagjöf og forkröfur áfanga. Nemendur í MS ná almennt mjög góðum árangri í sínu námi (meðaleinkunn í kringum 7) en engu síður hefur það verið vaxandi vandamál undanfarið að nemendur lendi í vanda þegar undanfara er lokið með lágmarkseinkunn og þau sitja svo föst í áfanganum á eftir þar sem veganestið reynist ekki nægilegt.

Við erum ekki ein um að fást við þessa áskorun og þegar litið er til skólanna í kringum okkur sjáum við víða áherslu á lágmarksárangur í tilteknum hæfnipáttum. Því höfum við ákveðið að keyra tilraunaverkefni á vetrarönn í þeim anda. Hópur kennara mun á vetrarönn skilgreina **lykilmatspátt** þar sem gerð er krafa um lágmarkseinkunnina 5.00 enda sé litið svo á að viðkomandi matspáttur sé ómissandi hluti af því veganesti sem nemendur þurfi að taka með sér. Við teljum að með þessum hætti verði kröfumar skýrari strax frá upphafi og nám nemenda verði markvissara og jafnara yfir önnina.

Um lykilmatspátt í áfanga gilda eftirfarandi reglur:

- Kennarar hafa val um það hvort lykilmatspáttir séu settir inn í áfanga – þetta er ekki í öllum áföngum
- Lykilmatspáttur getur verið hvaða form námsmats sem er – lykilmatspáttur getur verið í formi prófs en það er aðeins ein möguleg útfærsla af mörgum.
- Lykilmatspáttir eru skýrt skilgreindir í námsáætlun og kennara ber að útskýra vandlega fyrir nemendum í upphafi annar hvernig matið fer fram og til hvers er ætlast af nemendum.
- Til að ljúka áfanga þar sem lykilmatspáttur er til staðar verður nemandi að standast þann matspátt með einkunn 5.00 að lágmarki.
- Takist nemandi ekki að standast lykilmatspátt í fyrstu atrennu ber kennara að veita viðkomandi annað tækifæri til að standast lykilmatspáttinn.
- Lágmarksvægi lykilmatspáttar er 15% og hámarksvægi 30% af lokaeinkunn áfanga.

Það er mikilvægt að halda því til haga að hér er um að ræða tilraunaverkefni sem felur aðeins í sér nýja útfærslu í námsmati sem er hugsuð nemendum til hagsbóta (skýrari markmið og hvati til að bæta árangur í námi). Skólastarfið í MS byggir sem fyrr á símati og áherslu á leiðsagnarnám og þetta verkefni felur alls ekki í sér aukna áherslu á prófahald, þvert á móti er tilgangur okkar með þessu verkefni að auka fjölbreytni í námsmati. Í þessu samhengi má geta þess að á heimasíðunni hefur verið birt verklagsregla um námsmat í MS þar sem sjá má helstu viðmið sem gilda í skólanum varðandi þennan mikilvæga þátt skólastarfsins.

Bestu kveðjur

Leifur Ingi, konrektor MS